

## 296. fundur

Fimmtudaginn 14. september 2023, kl. 12:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Gestir voru Sigurður Jóhannesson og Kári Kristjánsson frá Hagfræðistofnun HÍ. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

### 1. Verðlagsgrundvöllur kúabús - endurskoðun

Til fundar komu fulltrúar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands til að upplýsa um framvindu gagnaöflunar og greininga vegna endurskoðunar verðlagsgrundvallar. Gögn frá Hagstofu Íslands um rekstur kúabúa og gögn úr rekstrarverkefni Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins eru með meðal þeirra gagna sem hafa verið til skoðunar. Komin er sæmileg mynd af því hvað sé hagkvæm bústærð og fleira sem tengist uppsetningu nýs verðlagsgrundvallar. Á fundinum voru gagnlegar umræður um ýmis mál er varðar áframhaldandi vinnu við endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur verður haldinn 27. september nk.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson